

AUGLÝSING

um verndarsvæði jarðvarma – Háhitarsvæði Geysis í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa háhitarsvæði Geysis: 78 Geysir í Bláskógabyggð gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 4,98 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda háhitarsvæði Geysis: 78 Geysir gegn orkuvinnslu, sbr. 1. gr.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti í viðauka I og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka II.

Afmörkun svæðisins er dregin út frá viðnámsmælingum jarðhitasvæðisins.

4. gr.

Mannvirkjagerð og orkurannsóknir.

Orkuvinnsla varmaafis með uppsett varmaafli 50 MW eða meira og jarðvarma með uppsett rafafli 10 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafli 50 MW eða meira og virkjunar jarðvarma með uppsett rafafli 10 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Gildistaka.


Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. mars 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Kort.



Geysir í Haukadal	Friðlýst svæði	Bundið slitlag Óbundið slitlag Vegnúmer	Flatarmál: 4.98 km ²
			Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
			Hnattstaða: ISN93
			Kortagerð: Guðni Hannesson LMI
			Dags: 05.03.2021
			© Landmælingar Íslands

VIÐAUKI II
Hnitaskrá.

Punktur	X	Y
1	437904	425713
2	438131	425746
3	438197	425727
4	438277	425677
5	438326	425520
6	438331	425435
7	438325	425333
8	438195	425050
9	438133	424950
10	437978	424711
11	437642	424254
12	437045	423775
13	436339	423232
14	435984	422977
15	435425	422617
16	435101	422441
17	434973	422377
18	434734	422344
19	434515	422372
20	434384	422575
21	434389	422740
22	434434	422969
23	434561	423231
24	434902	423629
25	435291	423905
26	436857	425096
27	437347	425408
28	437904	425713

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2021